



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



Ársskýrsla 2023

Helga Sigríður Þórsdóttir
rektor

msund@msund.is
www.msund.is



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Efnisyfirlit

Inngangur	Bls. 1
Ágrip	Bls. 2
Stefnumiðuð áætlun	Bls. 3
Nemendatölur	Bls. 6
Starfsfólk MS	Bls. 7
Fjármál og rekstur	Bls. 8
Stjórnun	Bls. 9
Starfsbraut	Bls. 11
Nám og félagslíf	Bls. 12
Starfsþróun í MS	Bls. 16
Erlent samstarf	Bls. 19
Húsnæðismál	Bls. 20
Fýsileikakönnun	Bls. 21

Inngangur

Menntaskólinn við Sund var stofnsettur árið 1969, þá sem Menntaskólinn við Tjörnina. Á árunum 1974 - 1976 fluttist skólinn í núverandi húsnæði sitt við Gnoðarvog. Hann var þó kenndur við Tjörnina allt til ársins 1977 en þá gaf Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, honum heitið Menntaskólinn við Sund.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli. Boðið er uppá á þriggja ára nám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut. Skólaárinu er skipt upp í þrjár jafnlangar annir.

Meðal nemendafjöldi ársins er 689 á önn og heildarfjöldi starfsmanna um 70.

Boðið er upp á nám á tveimur stúdentsbrautum og starfsbraut. Stúdentsbrautirnar eru náttúrufræðibraut sem skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræðabraut sem skiptist í hagfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræði- og sögulínu. Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022.

VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI

Ágrip

ÁRSSKÝRSLA MS 2023

Í upphafi árs 2023 var ljóst að húsnæðismál myndu setja svip sinn á skólastarfið. Enginn gerði þó ráð fyrir því að þau gætu haft slík áhrif að tilvist Menntaskólans við Sund yrði telft í tvísýnu. Gríðarleg gróska ríkti í starfsþróun, skólinn tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna og mikill vilji hjá kennurum að endurskoða nám og kennslu með tilkomu gervigreindar og í takt við þarfir nemenda. Starfsbraut skólans hóf göngu sína haustið 2022 og óx hún og dafnaði frekar frá hausti 2023. Félagslíf nemenda gekk einstaklega vel, tvöfalt fleiri tóku þátt í uppsetningu leikfélagsins Thalíu, lið skólans náði langt í rafíþróttum, nemendur tóku þátt í íþróttakappleikjum, söngkeppni og ræðumennsku ásamt hinum ýmsu uppákomum meðal framhaldsskólanna. Unnið var samkvæmt nýju jafnlaunakerfi skólans og lokið við fyrsta vottunahringinn. Vegna húsnæðisvanda þurfti að fækka nýnemum haustið 2023 sem hefur haft áhrif á námsframboð og fjölda starfsfólks.



Þetta helst:

12

Nám og félagslíf nemenda

16

Starfendarannsóknir í MS tilnefndar til Íslensku menntaverðlaunanna

20


Húsnæðismál

21

Fýsileikakönnun á sameiningu MS og Kvennó

Stefnumiðuð áætlun

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið MS fyrir árin 2023 - 2025 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum.



Kjarnastarfsemi Menntaskólans við Sund er að veita nemendum menntun til stúdentsprófs, að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda upp á nám við hæfi. Skólanum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og undir frekara nám á háskólastigi.

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og barnamálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í námsvali ásamt möguleika á að stýra námshraða í takt við það álag sem þeim hentar. Þessar áherslur birtast meðal annars í skólanámskrá og í markmiðum í þessu stefnumótunarskjali.

KJARNASTARFSEMI MARKMIÐ MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

- Auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna
- Að halda brotthvarfi lágu
- Auka gæði menntunar í skólanum



Auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks

MS hlaut vottun fyrir fimm græn skref í ríkisrekstri árið 2021. Markmiðið er enn að ná betri árangri í umhverfisvitund nemenda og starfsmanna. Aðgerðir að markmiðinu voru virk umhverfisnefnd, að flétta græn skref í ríkisrekstri inn í gæðakerfi skólans og halda umhverfisviku. Mælikvarðar voru markmið grænfánaverkefnisins, fjöldi nemenda í virkri umhverfisnefnd og að draga úr óflokkuðu sorpi. Aðgerðir og markmið gengu að mestu leyti eftir fyrir utan að flétta græn skref í ríkisrekstri inn í gæðakerfið sem er sett aftur á dagskrá árið 2024 og að draga úr óflokkuðu sorpi. Vegna húsnæðisaðstæðna og 50 ára uppsöfnunar á kennsluáhöldum og húsbúnaði hefur farið fram mikil tiltekt í skólanum og förgun á gömlum og myglusýktum húsbúnaði sem hækkar kostnað við sorphirðu.

Að halda brotthvarfi lágu

Það er stefna skólans að veita nemendum jöfn tækifæri til náms og fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma. Aðgerðir eru áframhaldandi uppbygging á seiglu nemenda, markviss innleiðing á stefnu skólans um að byggja upp námskraft og efling stoðþjónustu með hópráðgjöf á fyrsta og þriðja námsári í áfanganum Krossgötur. Auk þess fer fram samhæft eftirliti með nemendum í brotthvarfshættu og gerð brotthvarfsskýrslu. Mælikvarðar eru brotthvarfsmælingar MRN og skólans, útskriftarhlutfall árgangs 2004 og niðurstöður um vellíðan nemenda í MS úr Framhaldsskólapúlsinum. Gerð er grein fyrir niðurstöðum í Sjálfsmatsskýrslu skólans.

Að auka gæði menntunar

Stefna skólans er að bjóða upp á nám og kennslu í fremstu röð. Aðgerðir voru myndun starfshóps um innleiðingu leiðsagnarnáms undir stjórn verkefnisstjóra, innleiðing gæðakerfis og að sækja um styrki á vegum Erasmus+ til nemendaskipta. Til þess að meta árangur hafa verið sett fram gæðamarkmið sem snúa að því að 80% nemenda séu ánægð með kennslu í áföngum og aðstöðu til náms og kennslubúnaðar. Niðurstöður sýna að 68,7% nemenda eru ánægð með kennslu í áföngum og 74% eru ánægð með aðstöðu til náms. Áfram er unnið markvisst að því að auka gæði menntunar í skólanum og lögð áhersla á að rýna niðurstöður kennslukannana, skólapúlsins og rýnifunda með nemendum. Ekki er útilokað að umræður um aðstæður í húsnæðismálum hafi áhrif á þessar niðurstöður. Skólinn bauð starfsfólki upp á mörg tækifæri til virkrar starfspróunar bæði innan- og utanlands og var í fyrsta skiptið safnað gögnum og settir upp mælikvarðar fyrir endurmenntun starfsfólks (sjá í Sjálfsmatsskýrslu).

- Aukin skilvirkni
- Aukin starfsánægja
- Bætt stjórnun auðlinda

Aukin skilvirkni

Til þess að auka skilvirkni í skólanum var ákveðið að kenna nemendum með markvissum hætti notkun upplýsingatækni, innleiða fleiri möguleika í kennslukerfi Innu sem hófst haustið 2022 ásamt því að auka upplýsingaflæði með vikulegum fréttabréfum til nemenda og starfsfólks með það að markmiði að auka samhæfingu og þekkingu allra á því sem er að gerast í skólanum. Mælikvarðar voru: viðhorf nemenda og kennara til kennslukerfis Innu, fjöldi útgefinna fréttabréfa og árleg starfsmannasamtöl. Skemmst er frá því að segja að aðgerðir gengu vel en út af stóð að kanna viðhorf til kennslukerfis Innu. Af samtölum að dæma er viðhorfið almennt gott og gekk innleiðing kerfisins vonum framar. Áfram starfar verkefnisstjóri Innu sem sér um fræðslu og aðstoð fyrir kennara.

Aukin starfsánægja

Aðstæður í húsnæðismálum hafa verið erfiðar og reynt á starfsfólk því var nauðsynlegt að setja sér markmið um að auka starfsánægju. Aðgerðir sem gripið var til var áframhaldandi innleiðing starfsmannasamtala, gerð samskiptasáttmála og endurbætur á vinnuaðstöðu. Mælikvarðar eru gögn úr stofnun ársins um upplifun starfsfólks á jafnrétti á vinnustaðnum, ánægju í starfi sem hækkaði úr 4,15 í 4,5 á milli ára og er rétt yfir meðaltali og ánægja með vinnuskilyrði sem hækkaði úr 3,0 í 3,87 en er þó enn undir meðaltali annarra skóla.

Bætt stjórnun auðlinda

Aðgerðir: Bætt verklag við innkaup og viðhald á búnaði, fjölgun tilfella þar sem kennarar kenna fleiri námshópum í sama áfanga á önn og bætt þráðlaust netsamband í skólanum. Skemmst er frá því að segja að verklagi við innkaup hefur ekki verið breytt en haldið vel utan um einstaka þætti í rekstraráætlun. Fjöldi vinnustunda sem falla niður vegna endurtekinnar kennslu í sama áfanga hefur ekki verið reiknuð út. Netsamband hefur batnað mikið eftir að þráðlausum sendum var fjölgað og þeir færðir á milli svæða vegna lokunar á öðrum svæðum.

Nemendatölur


Vegna fækkunar eininga í MS til stúdentsprófs úr 206 einingum í 200 þreytir nú hver nemandi að jafnaði 65,5 einingar á ári sem þýðir að ársnemendum hefur fækkað. Ársnemendur eru 725 þegar 670 nemendur stunda nám við skólann. Meðalaldur nemenda var 17,3 ár þann 1. mars 2023.

Námslína	Vorönn 2023	Haustönn 2023*	Vetrarönn 2023*
Eðlisfræði og stærðfræði námslína	99	73	71
Félagsfræði og sögu námslína	162	152	156
Hagfræði og stærðfræði námslína	251	246	236
Líffræði og efnafræði námslína	179	188	187
Starfsbraut	11	16	16
Nemendur alls	702	675	666

Kynjahlutfall nemenda í skólanum:

KK: 43%
KVK: 57%

Brautskráðir á árinu 190




*Færri nýnemar teknir inn í skólann vegna húsnæðisvanda

Heildarfjöldi stöðugilda árið 2023 var 68,74. Haustið 2023 voru virkir starfsmenn skólans 65 í 64,72 stöðugildum. 73% starfsfólks voru konur og 27% karlar.

Kennslusvið haustið 2023

Við skólann störfuðu 51 einstaklingur á kennslusviði í 46,3 stöðugildum þar af voru 39 konur í 35,4 stöðugildum og 12 karlar í 10,9 stöðugildum. Átta kennarar sinntu einnig fagstjórn samhliða kennslu (7 konur og 1 karl). Allir kennarar eru með gild kennsluréttindi. Meðalaldur kennara var tæplega 52 ár. Aldursdreifing var eftirfarandi:

- 30 – 40 ára – 5 kennarar
- 41 – 50 ára – 18 kennarar
- 51 – 60 ára – 14 kennarar
- 61 – 70 ára – 14 kennarar



Þjónustusvið haustið 2023

Nokkrar breytingar urðu á þjónustusviði skólans milli skólaára.

Stjórnendur voru fjórir: rektor (kvk 51 ára), konrektor (kvk 51 ára, kk 48 ára tók við á miðju ári), kennslustjóri (kvk 37 ára) og námsbrauta- og námskrárstjóri (kk 59 ára).

Annað starfsfólk á þjónustusviði voru alls 14: skrifstofustjóri (kvk 59 ára), fjármálastjóri (kvk 66 ára, kvk 61 árs tók við í okt), forstöðumaður bókasafns (kvk 49 ára) hætti eftir vorönn, þrír náms- og starfsráðgjafar (kvk, 65 ára, 45 ára og 36 ára), einn brautarstjóri starfsbrautar (30%) sem jafnframt kennir (70%) (kvk 58 ára), proskapjálfi (kvk 38 ára) aðeins á vorönn 2023, frá hausti var ráðinn sérkennari nr. 2 í stað proskapjálfa (kvk 45 ára), tveir stuðningsfulltrúar í 60% starfshlutfalli þar sem annar (kvk, 24 ára) íþrótttafræðingur og hinn (kk 24 ára) BA í fjölmiðlafræði sem sér einnig um stafræna framleiðslu og húsvörslu í 40% starfi, tómstundafræðingur (kvk, 29 ára) sem er 50% félagsmálastjóri og 50% í þjónustu í upplýsingatækniveri, tölvuumsjónarmaður (kk 51 ára), umsjónarmaður fasteigna (kk 63 ára), tveir þjónustufulltrúar (kvk 60 ára og kk 49 ára) annar á skrifstofu og hinn í baðvörslu í íþróttahúsi, þjónustuliði (kk 30 ára) starfaði út ágúst.

Skólaárið 2022 voru gerðar umfangsmiklar skipulagsbreytingar til þess að vinna á móti hallarekstri. Breytingarnar báru árangur árið 2023, viðsnúningur hefur orðið í rekstrinum og halli fyrri ára verið greiddur að fullu.

Skipulagsbreytingar ársins 2022 báru árangur 2023

Til þess að vinna á móti hallarekstri var gripið til eftirfarandi aðgerða:

- Námsbrautir stytta úr 206 einingum í 200:
 - Áfangi í listgrein felldur út af náttúrufræðibraut
 - Fjórdða félagsgrein felld út af félagsfræðabraut
 - Fimm eininga áfangi í lýðræðisvitund og siðferði lagður niður
 - Fjórum eins eininga áföngum í móttöku nýnema og útskriftaráfanga bætt við
- Eftirfarandi verkefnastjórnir voru lagðar niður og verkefni færð yfir á stjórnendur og þjónustusvið:
 - Sjálfsmatsstjóri
 - Öryggisstjóri
 - Mætingastjóri
- Reiknilíkani fyrir fagstjórn breytt og hún greidd með blöndu af þrepum og klukkustundum
- Tryggt að vinnumat kennara væri í samræmi við kjarasamninga og einingar nemenda

Rekstrarárið einkenndist af þróun starfsbrautar og húsnæðisvanda og kostnaður við langtímaveikindi var nokkur. Þrátt fyrir það gekk rekstur skólans vonum framar og endaði með tuttugu og tveggja milljón króna rekstrarafgangi sem nýttur var til þess að greiða upp halla fyrri ára.

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.230.181.142	1.179.527.328
Aðrar tekjur		8.008.000	8.592.000
Seld þjónusta	3	1.508.500	900.000
Vörusala		15.300.140	15.187.100
Framlög og ýmsar tekjur	4	29.427.282	30.495.198
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	5	103.636	355.193
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.355.286	7.641.434
Tekjur samtals		1.293.883.986	1.242.698.253
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	952.531.251	935.259.631
Annar rekstrarkostnaður	7	305.472.530	301.742.025
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	1.747.246	43.458
Afskriftir og niðurfærslur	9	9.355.286	7.641.434
Gjöld samtals		1.269.106.313	1.244.686.548
Afkoma ársins		24.777.673	(1.988.295)


Stjórnun



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Samskiptasáttmáli - Jafnlaunavottun - Innri úttektir á jafnlaunakerfi - EKKÓ ferlar kynntir - Ný heimasíða

Samskiptasáttmáli



Með það að markmiði að bæta starfsandann, samskipti og starfsánægju hófst vinna við gerð samskiptasáttmála undir stjórn Sigurjóns Þórðarsonar hjá ráðgjafafyrirtækinu Gerum. Starfsfólk skilgreindi í sameiningu hvað skipti það máli í samskiptum. Að lokum tók minni hópur að sér að vinna úr gögnunum. Ofan á varð að leggja áherslu á: Öryggi, virðingu, samkennd og grósku í samskiptum á vinnustaðnum.

Jafnlaunavottun og innri úttektir á kerfinu

Jafnlaunakerfi í samræmi við Jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 á að tryggja að ákvarðanir er varða laun og launakjör séu teknar á grundvelli jafnréttis. Kerfið fékk fyrstu vottun í júní 2022 og var viðhaldsvottun tvö lokið í júní 2023. Helstu verkefni í kjölfarið var að rita starfsmannastefnu, bæta starfslýsingar og endurgera stofnanasamning við félaga í Sameyki. Almennt hefur gengið vel að vinna eftir ferlum og nýta kerfið.

Frá haustinu 2023 tók nýr gæðastjóri við kerfinu. Þrír starfsmenn sinna innri úttektum. Gæðastjóri og úttektaraðilar sóttu fræðslu hjá Versa vottun haustið 2023 til þess að efla þekkingu sína á gæðakerfum og innri úttektum. Hlutar kerfisins eru teknir út þrisvar sinnum á ári og hafa úttektirnar sannað gildi sitt.

Auk úttektar á köflum í rekstrarhandbók sem tilheyra jafnlaunakerfi er einnig byrjað að taka út þætti sem snúa að kjarnastarfssemi skólans, námi og kennslu. Ytri úttekt á kerfinu fer næst fram í ágúst 2024. Gæðaráð fundar vikulega, leggur fram árlega matsáætlun um innri og ytri úttektir, sér til þess að matið sé framkvæmt, unnið sé úr niðurstöðum, gætir þess að jafnlaunakerfið sé virkt og því viðhaldið auk þess að leggja lokahönd á útgáfu ýmissa stefna og verklagsreglna.

EKKÓ-stefna og ferlar kynnt í janúar

Ritun EKKÓ-ferla og stefnu hófst í október 2022 og lauk með kynningu fyrir starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra í janúar 2023. EKKÓ ferlarnir eru tveir eftir því hvort um ræðir starfsfólk eða nemendur. Ábendingahnapp er að finna á forsíðu heimasíðu skólans þar sem hægt er að bera fram hverslags tilkynningar og ábendingar nafnlaust. Ábendingar um Ekkó mál berast beint í tölvupóst konrektors en almennar fyrirspurnir til skrifstofu.

Ný heimasíða

Veturinn 2023 var ljóst að heimasíða skólans byggði á kerfi sem var orðið úrelt og þyrfti endurnýjun. Gerður var samningur við Stefnu um hýsingu og uppbyggingu vefsins. Konrektor og kennslustjóri sáu um að flytja nauðsynlegt efni yfir og gera efnið aðgengilegt. Í kjölfarið var ákveðið að gera kennslustjóra að vefumsjónarstjóra skólans. Nýja viðmótið veitir betri yfirsýn og er aðgengilegra umsjónarmönnum vefsins og þeim sem skólinn þjónar. Skólinn er einnig með virkt Instagram sem er tengt heimasíðunni þar sem daglegu starfi eru gerð skil. Á Instagram má fylgjast með því sem er efst á baugi hjá skólafélaginu og undirnefndum þess.



Tilkynningar og
ábendingar



Veikindi og leyfi



Inna



Microsoft 365



Skóladagatal



Tímabókanir

Velkomin í MS!

Fjölgun á starfsbraut

Skólaárið 2022 til 2023 tók til starfa starfsbraut með 11 nemendum, haustið 2023 var nemendum fjölgað í 16.

Starfsbraut með áherslu á listsköpun og tækni

Þegar starfsbraut tók til starfa haustið 2022 var ákveðið að taka inn lítinn hóp og fjölga frekar nemendum síðar. Haustið 2023 fjölgaði nemendum úr 11 í 16. Í kjölfarið þurfti að ráða sérkennara númer tvö og hefur það gefið góða raun. Nemendur greiða sérstakt efnisgjald fyrir hverja önn sem er notað til þess að greiða fyrir námsgögn, listgreinar og millimál. Nemendur fá öll námsgögn í skólanum ásamt afnot af tölvu og iPad.

Nemendur sem það geta býðst einnig að stunda almennt nám með stuðningi. Mikill tími kennara á starfsbraut fer í að sinna almennri vellíðan nemenda, ráðgjöf til heimila og samskiptum við hinar ýmsu stofnanir.

Stefna brautarinnar er að leggja áherslu á að aðstoða nemendur til sjálfstæðis svo þau geti verið virkir borgarar í framtíðinni. Ásamt hefðbundnum greinum er lögð áhersla á að kenna samskipti, hreyfingu, heilbrigði, matreiðslu og að læra á almenningssamgöngur svo eitthvað sé nefnt. Skólinn hefur átt gott samstarf við Vogaskóla og fengið afnot af heimilisfræðistofu.



Starfsbrautin hefur að ráða yfir 160 fm², einni skólastofu, sérkennslurými, fundarherbergi, setustofu og vinnustofu starfsfólks.

Nám og félagslíf



MS-ingar taka þátt í helstu viðburðum og keppnum á vegum og fyrir íslenska framhaldsskólanema: Gettu Betur, MORFÍS, FRÍS, söngvakeppni, íþróttakeppnum, „Ungir umhverfisfréttamenn“ og „Ungir frumkvöðlar“

Stjórnlagaping - tómstundafræðingur

Skólaárið 2022-2023 fékk skólinn styrk að upphæð 1,6 milljónir úr Sprotasjóði til þess að þróa stjórnlagaping nemendafélagsins. Verkefnið hefur gert það að verkum að nemendur halda nú árlega vinnufundi þar sem þau fara yfir reglur félagsins, leggja til nýjar og skrá. Meðal verkefna hefur verið að skrá verkaskiptingu nefnda og verkferla. Þetta gerir það að verkum að í hvert sinn sem nýkjörið nemendafélag tekur við keflinu er auðvelt að nálgast upplýsingar og byggja á reynslu fyrri ára. Árið 2021 var ráðinn tómstundafræðingur við skólann sem hefur það hlutverk að styðja við félagslíf nemenda og stuðla að fjölbreyttu og heilbrigðu félagslífi þar sem allir hafa jöfn tækifæri til þess að taka þátt. Starfshlutfall tómstundafræðings var aukið á árinu og er hann nú aðgengilegur nemendum alla daga í upplýsinga- og tæknimiðstöð skólans. Tómstundafræðingurinn vinnur einnig með kennslustjóra og námsráðgjöfum að góðum og uppbyggilegum samskiptum meðal nemenda.

Framlag leiðtoga til félagslífs metið til eininga

Nemendur sem gegna formennsku í nefndum hafa tækifæri til þess að skrifa undir samstarfssamning við skólann. Í samningnum felst að ef leiðtoginn sinnir verkefnum sínum af samvirkusemi, mætir vel í skólann og blæs í áfengismæli inn á öll fjögur böll skólaársins getur hann unnið sér inn 5 einingar í frjálst val. Nemendur sem þetta gera eru fúsari til þess að leggja hönd á plóg og taka ábyrgð.



Nýnemaball í Gamla bíói

Haustið 2023 var ákveðið að láta alla nýnema blása í áfengismæli áður en þeim var hleypt inn á böll. Ástæða þótti til að grípa til þessara aðgerða sem lið í að draga úr áfengisneyslu barna og unglinga sem niðurstöður kannana sýna að hefur aukist. Þessi tilraun gaf góða raun og verður haldið áfram.



Lið skólans í Gettu betur haustið 2023 sigraði viðureignir sínar í útvarpi og vann sér inn sæti til þess að keppa í sjónvarpssal í janúar 2024.



Tekið var á móti nýnemum með grillveislu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og gistipartýi í íþróttahúsi skólans.


Thalía



Leikfélagið Thalía setti upp annan söngleikinn í röð. Meðlimum í leikfélaginu fjölgaði úr 15 í 45 á milli ára. Æfingar fóru fram í Hinu húsinu og á vormánuðum voru sýndar sex leiksýningar á Pitsh Perfekt fyrir fullu húsi í Gaflaraleikhúsinu. Nemendur sungu og dönsuðu, sáu um ljós og tónlist, búninga og kynningarmál og var leiksýningin hin glæsilegasta.



Þjóðleikhúsið bauð nemendum á leikritið „Góðan daginn faggi“ eftir Bjarna Snæbjörnsson. Fjölmennt var með rútum í Þjóðleikhúsið einn þriðjudagsmorgun í mars. Í kjölfar sýningarinnar þróuðust miklar umræður um hinsegin málefni, nemendur spurðu einlægra spurninga sem leikarinn svaraði og enginn fór ósnortinn heim.



Fyrirtækjasmiðja - frumkvöðlaverkefni

Á hverju ári taka nemendur á hagfræði- stærðfræðilínu þátt í verkefninu Ungir frumkvöðlar í gegnum lokaáfanga í hagfræði: Fyrirtækjasmiðju. Að þessu sinni komust tvö fyrirtæki úr MS í úrslit keppninnar. Það voru fyrirtækin PERLA sem hannar skart úr gömlum hjólalegum og ÆNÝTT sem setti upp vefsíðu sem þjónar sem milliliður milli fyrirtækja og viðskiptavina til þess að selja vörur sem nálgast síðasta söludag. Tólf lið úr MS tóku þátt í keppninni að þessu sinni og sýndu afraksturinn bæði á opnu húsi í MS og í Smáralind þar sem öll liðin mættust.

Starfspróun í MS

Tilnefning til Íslensku menntaverðlaunanna



ÍSLENSKU
MENNTAVERÐLAUNIN

Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund

hefur hlotið tilnefningu fyrir
framúrskarandi þróunarverkefni.

5. október 2023

Guðrún Ragnarsdóttir

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfsþróunartækifæri fyrir starfsmenn skólans.

Þann 5. október 2023 á alþjóðadegi kennara var skólinn tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna fyrir framúrskarandi þróunarstarf á svið starfendarannsókna.

Starfendarannsóknir

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í starfendarannsóknum. Verkefnisstjóri leiðir hópinn ásamt ytri ráðgjafa sem hefur undanfarið verið dr. Guðrún Ragnarsdóttir. Í hópnum eru að jafnaði 12-15 þátttakendur og hittist hann a.m.k. tvisvar á önn auk þess að kynna afraksturinn í Menntabúðum. Lögð var sérstök áhersla á það í ár að allir ættu sér bandamann í sinni rannsókn. Málefni hópsins í vetur voru m.a.:

- áhugaverðar leiðir í innleiðingu leiðsagnarnáms
- þjónandi forysta félagsmálastjóra
- könnun á hugarfari nemenda til verkefna
- efling námskrafts



Námskeið um umhverfismál á Sólheimum

Skólinn úthlutar árlega 19 launaprepum til starfsþróunar félagsmanna KÍ við skólann. Katrín Magnúsdóttir kennari hlaut starfsþróunarprep fyrir verkefnið „Menntun til sjálfbærni“ sem fól í sér að útbúa fræðslu fyrir kennara og starfsfólk skólans í menntun til sjálfbærni. Ákveðið var að leggja undir verkefnið heilan starfsþróunardag í samvinnu við starfsmannafélagið „Sundkútana“. Dagurinn sem var haldinn á Sólheimum var lærdómsríkur og eftirminnilegur og hristi hópinn vel saman í upphafi skólaárs. Starfsfólk fékk að gjöf brúsa og poka merkt skólanum. Brúsinn var hönnun nemenda í Grænfánaáfangi 2022-2023. Stjórnendur smurðu nesti fyrir alla áður en haldið var af stað með rútu á Sólheima.





NÁM Í MS

Menntun til sjálfbærni á alþjóðadegi kennara

Fimmtudaginn 5. október

Sólheimum í Grímsnesi
Brottför frá MS kl. 8:30
Heimkoma kl. 21:00

Dagskrá

Kl. 10:00 Menntun til sjálfbærni í Vigdísarhúsi, námskeið með Katrínu Magnúsdóttur
Kl. 12:05-12:40 Kynning í Sesseljuhúsi
Kl. 12:45 Matur í Grænu könnunni í boði skólans
Kl. 13:30-15 Frjáls tími (Sólheimasafn, verslunin Vala, flóamarkaðurinn, gróðurhúsið Sunna)

Sundkútar taka við dagskránni:
Kl. 15:30 Flúðasveppir - skoðunarferð og matur





Markmið Menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Meðal þess sem starfsfólk kynnir er afrakstur námsferða erlendis, niðurstöður starfendarannsóknna eða tilrauna með nýjar kennsluaðferðir.

Á vormánuðum voru haldnar Menntabúðir í samvinnu við FMOS sem vöktu mikla ánægju þátttakenda. Gætt er að því að bjóða upp á góðar veitingar á Menntabúðum.



17. maí 2023
Menntabúðir

ADA11 14:55 - 15:25
Ólafur Þórisson
Staldráð við og litla um öxl - Vegferðin mín í átt að leiðsagnarnámi
S. Lilja Guðbjörnsdóttir
Verkefni og próf endurunin

ADA13 14:55 - 15:25
Trine Holm Houmøller
Tilraunir í leiðsagnarnámi
Nanna Þorbjörg
Lárusdóttir
Hópastart, samþætting, dýpkun námsferni í þýsku

ADA14 14:55 - 15:25
Nína Rún
Ævardsóttir Kvaran
Hvernig mér misheppnaðist að innleiða leiðsagnarnám í kennslu
Vignir Andri
Guðmundsson
Markmið og endurgjöf

ADA12 14:55 - 15:25
Lóa Steinunn
Kristjánsdóttir
Námsleifar og munnleg endurgjöf
Svanhildur
Snæbjörnsdóttir
Umráður um innleiðingu leiðsagnarnáms

15:40 - 16:10
Jónas Örn Helgason
Solveig Þórðardóttir
Elisabet Eggertsdóttir
Myndbandsverkefni í kennslu

15:40 - 16:10
Trine Holm Houmøller
Lóa Steinunn
Kristjánsdóttir
Nord+ og Glasir

15:40 - 16:10
Fjóla Dögg
Blomsterberg
Hildur Halla Gyfadóttir
Krossgátur

15:40 - 16:10
Hafsteinn Óskarsson
Hindranir og takifærni við innleiðingu leiðsagnarnáms
Rannveig Hulda
Ólafsdóttir
Er munnleg endurgjöf og sjálfsmat vænlegt til árangurs?

Menntabúðirnar eru liður í uppjöfri starfendarannsóknahóps og leiðsagnarnámshóps í MS á skólarárinu 2022 - 2023 (hluti hópsins hefur þegar kynnt verkefni sín á öðrum menntabúðum).

www.msund.is

Leiðsagnarnám



Á árinu var í annað sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms. Undir handleiðslu verkefnastjórans starfaði 10 manna hópur kennara. Markmiðið er að hluti kennara öðlist þekkingu á aðferðum leiðsagnarnáms og prófi í sinni kennslu. Þessir kennarar fengu greitt eitt launabrep til 12 mánaða í gegnum kjarasamningsbundinn þróunarsjóð í skólanum.

Erlent samstarf

Erasmus+, Nordplus, WES og gestir í MS

Erasmus+

MS er með tíu markmið í erlendu samstarfi sem snúa að því að bæta nám og kennslu í skólanum. Samtals tóku sex starfsmenn þátt í fjórum ferðum styrktum af Erasmus+ (sjá lista hér fyrir neðan). Þetta voru fimm til sjö daga ferðir í starfsspeglun eða námskeið í fjórum mismunandi löndum í Evrópu. Meðal námskeiða voru:

- Social and Emotional Learning: Understand, Plan, Implement í Barcelona
- Teach the Twist! Motivate your students with Creative Teaching Strategies í Berlín
- Exploring modern and contemporary art í Paris
- Starfsspeglun í umhverfisfræði í Kaupmannahöfn

Mikill áhugi var meðal erlendra skóla að koma í heimsókn í MS. Tveir tuttugu manna hópar kennara og stjórnenda frá ýmsum Evrópulöndum komu í mars og október. Meðal annarra gesta voru franskir skólastjórnendur, kynjafræðikennarar frá Austurríki, ítalskir kennarar, finnskir nemendur, fimm manna hópur frá Reunioneijum auk fleiri gesta frá Norðurlöndum. Allir gestir fengu fræðsluerindi um skólastarfið í MS, heimsóttu kennslustundir og skoðuðu skólann.

Skólinn keypti aðgang að WES - World Education Summit sem er fjögurra daga net ráðstefna fyrir skólafólk og var bæði skipulagt samáhorf og aðgangur fyrir einstaklinga.

Nordplus

MS tók þátt í verkefninu Love for water is in the air með SE-Katedralskolan í Svíþjóð, FO-Glasir í Færeyjum og Aurehøj Gymnasium í Kaupmannahöfn.

Verkefninu lauk haustið 2023 með ferð 23 nemenda og tveggja kennara úr MS til Danmerkur og Svíþjóðar.

Haustið 2023 hófst Nordplus verkefni í samstarfi við Finnland, Lettland og Litháen. Fyrsti hópurinn fór til Lettlands haustið 2023. Um er að ræða samstarf yfir eins og hálfárs tímabil. Hver skóli fer í þrjár ferðir með sjö nemendur og tvo kennara í hvert skipti.



Húsnæðismál

Mygla og raki - 1000 fermetrum lokað

Skýrsla frá Verkfræðistofunni EFLU

Í janúar 2023 bárust niðurstöður verkfræðistofunnar EFLU á loftgæðum, myglu og raka í skólahúsnæði MS. Niðurstöður mælinga ásamt aðgerðum voru kynntar nemendum, starfsfólki og forráðafólki þann 8. og 9. febrúar. Í fréttatilkynningu frá Stjórnarráðinu má lesa skýrslu EFLU um málið: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/02/09/Raka-skemm-diri-MS/>

Fyrstu aðgerðir voru að loka hluta af skólahúsnæðinu (alls 1000fm²) og hefja smáviðgerðir á milli anna í febrúar. Í viðgerðunum fólst að taka upp gólfduka í stofum þar sem greindist raki, slípa gólf og eyða þannig myglu. Í kjölfarið fóru fram miklir flutningar og þrif innan skólans. Finna þurfti nýja vinnuaðstöðu fyrir námsráðgjöf og fjölda kennara. Á sumarmánuðum var síðan farið í viðgerðir á sýktum svæðum í nýjasta hluta skólans. Sett var ný klæðning á þak Þrísteins, grafið fyrir dreni þar sem ekki voru dren fyrir, húsin þrífín og þokuð með vetnisperoxíði. Mikil vinna og fjármunir fóru í tiltekt, flokkun og förgun á húsbúnaði og gögnum sem hafa safnast fyrir í skólanum síðastliðin 50 ár.

Niðurstaðan varð á endanum sú að þræuka fram á vor 2024, fækka nýnemum að hausti um 58, vakta loftgæði, hafa lofthreinsitæki í öllum rýmum og regluleg alþrif í öllum rýmum. Engin framkvæmdaáætlun um varanlegar lagfæringar hefur verið gefin út þrátt fyrir ítrekanir þar um. Óskað hefur verið eftir færanlegum kennslustofum til bráðabirgða.



Fýsileikakönnun og lífróður MS

Stofnun stýrihóps um eflingu framhaldsskólans - ósk mennta- og barnamálaráðuneytis um fýsileikakönnun á mögulegri sameiningu MS og Kvennó

Í mars 2023 var rektor kölluð á fund ráðherra sem lýsti áhyggjum sínum af húsnæðismálum skólans og velti upp möguleika þess að koma nemendum fyrir í öðrum bóknámsskólum þar sem ráðuneytið skorti fé til svo umfangsmikils viðhalds sem þyrfti í MS. Jafngilti þessi yfirlýsing því að leggja skólann niður. Um svipað leyti birti ráðherra tilkynningu um skoðun á sameiningu skóla undir yfirskriftinni að efla framhaldsskólann. Þannig væri hægt að koma betur á mótis við fjölbreytt nám nemenda, draga úr kostnaði og nýta fé til þess að efla verknám.

Upp kom hugmynd um hvort MS gæti hugsað sé að vinna með öðrum skóla að uppbyggingu stærri og öflugri skóla sem gæti þjónað breiðum hópi nemenda. Á þessum tíma stóð Kvennaskólinn einnig frammi fyrir áskorunum í húsnæðismálum og því ákveðið að rektor MS og skólameistari Kvennó myndu skoða fýsileika sameiningar skólanna beggja í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Nemendur og kennarar skólanna tóku þátt í verkefninu og skiluðu skólameistararnir hvor sinni skýrslunni til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Gífurleg orka, gagnavinna og fundarhöld fóru í þetta verkefni. Skemmst er frá því að segja að málið var lagt til hliðar í október 2023 ekki síst vegna mikilla mótmæla á Akureyri gegn sameiningu MA og VMA.

Rektor fundaði með MRN um húsnæðismál í september og óskaði aftur eftir fundi í nóvember og desember en allt kom fyrir ekki. Í gegnum síma var skólanum aftur boðið að íhuga flutning í Stakkahlíð en þegar rektor óskaði eftir ástandsskýrslum þess húsnæðis reyndust gögn ekki lýsa betra húsnæði en þess sem stendur við Gnoðarvog 43. Við lok árs 2023 var búið að eyða ómældri vinnu í fýsileikaathugun, tilgangslitla fundi, þrif, tilfæringar á fólki og húsbúnaði í MS að ekki sé talað um samskipti við starfsfólk, nemendur og forráðafólk. Í heilbrigðu skólahúsnæði hefði verið hægt að nýta þennan tíma og orku í uppbyggingu á nútímaskólastarfi.



40 ára stúdentar í heimsókn



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND